

FUNDARGERÐ

285. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 28. maí 2025 og hófst kl. 15:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Stefán Jón Hafstein, Diljá Ámundadóttir Zoega, Heimir Már Pétursson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Eiríkur S. Svavarsson, Auður Finnbogadóttir og Ingvar Smári Birgisson. Kristín Sóley Björnsdóttir og Silja Dögg Gunnarsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 282, 283 og 284 voru lagðar fram og samþykktar.

2. Hlutverk stjórnar og framsaga formanns stjórnar

Formaður stjórnar var með framsögu í upphafi fundar og fór yfir starfsvið og hlutverk stjórnar RÚV. Stjórn, sem sé tilnefnd af Alþingi og kosin á aðalfundi, hafi viðtækt hlutverk skv. lögum. Stjórnin beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og í starfseminni sé farið að lögum um Ríkisútvarpið, að samþykktir þess og ákvæði samnings um fjölmiðlun í almannapágu séu uppfyllt. Einnig sé það hlutverk stjórnar að móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslur í starfi RÚV til lengri tíma.

Ákveðið var að bjóða stjórnarmönnum upp á námskeið um lestur og greiningu ársreikninga við fyrsta hentugleika.

3. Starfsreglur og starfsáætlun

Drög að starfsreglum og starfsáætlun stjórnar voru lagðar fram. Ákveðið var að taka starfsreglurnar og starfsáætlunina fyrir á næsta stjórnarfundum.

4. Eurovision

Útvarpsstjóri var með yfirferð um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Eurovision og þátttöku Ísraels í þeirri keppni. Hann fór yfir stöðu og þróun mála undanfarin ár til að stjórn RÚV væri vel upplýst um stöðu mála. Eurovision-keppnin verði að öllum líkindum áfram til umræðu í EBU og megi búast við að söngvakeppnin og þátttaka Ísraels í henni verði rædd með einum eða öðrum hætti á aðalfundi sambandsins (General Assembly), sem haldinn verður í London í byrjun júlí, og á öðrum fundum innan EBU.

Formaður stjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:

Stjórn þakkar útvarpsstjóra fyrir greinargerð um stöðu mála varðandi þátttöku í Söngvakeppni Evrópu á vegum EBU. Stjórn beinir eftirfarandi tilmælum til útvarpsstjóra:

- 1) Komi fram tillaga á vettvangi EBU um að vísa ísraelska ríkisútvarpinu úr samtökunum og/eða söngvakeppninni vegna framgöngu ísraelska stjórnvalda gagnvart íbúum Gaza svæðinu beinir stjórn þeim tilmælum til Ríkisútvarpsins að styðja slíka tillögu að höfðu samráði við stjórn. Þar er vísað til fordæmis gagnvart Rússlandi og Hvíta-Rússlandi vegna óviðunandi framgöngu þeirra ríkja.*

Fimm stjórnarmenn (SJH, DÁZ, HMP, KSB, AF) lögðu fram bókunina.

Í tilefni af bókun meirihluta stjórnar þá lagði ISB eftirfarandi tillögu fram:

Í tilefni af bókun annarra stjórnarmanna leggur ISB fram tillögu um að útvarpsstjóri verði falið að óska eftir skriflegu álit hluthafa Ríkisútvarpsins, hvers fulltrúi er ráðherra menningarmála, á því hvort Ríkisútvarpið eigi að styðja tillögu á vettvangi EBU um að vísa ísraelska ríkisútvarpinu úr EBU/Eurovision, komi slík tillaga þar fram. Óskað verði eftir því að skriflegt álit berist fyrir næsta stjórnarfund sem er boðaður þann 11. júní nk.

Fjórir stjórnarmenn studdu tillöguna (ISB, ESS, UBK og SDG) en fimm stjórnarmenn (SJH, DÁZ, KSB, AF og HMP) lögðust gegn henni.

Eftirfarandi bókun lagði Eiríkur S. Svavarsson fram á í tilefni af bókun meirihluta stjórnar vegna málefna Ísraels tengdri Eurovision keppninni:

Eiríkur Svavarsson tekur ekki undir bókun meirihluta stjórnar um þau tilmæli að útvarpsstjóri beri að styðja brottvísun Ísraels komi tillaga um það á vettvangi EBU. Ég tel að stjórnin hafi ekki umboð til þessarar ákvörðunartöku sem í eðli sínu er pólitísk ákvörðun og rétt að um hana hafi útvarpsstjóri samráð við ráðherra á sama hátt og gert var þegar Rússlandi var víkið úr Eurovision keppninni árið 2022.

Stjórnarmennirnir ISB, UBK og SDG óskuðu eftir því í umræðum á eftir að styðja bókunina.

5. Fjármál

a. Uppgjör janúar-apríl 2025

Fjármálastjóri fór yfir uppgjör aprílmánaðar. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam tæplega 57 m.kr. og var lítillega betri en áætlun gerði ráð fyrir. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nam tap mánaðarins um 20 m.kr. sem sé tæplega 12 m.kr. undir áætlun og skýrist alfarið af gengistapi í mánuðinum. Auglýsingatekjur voru 4,4 m.kr. yfir áætlun. Afkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir fyrstu fjóra mánuði ársins var jákvæð um 37 m.kr. en sé um 45 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Að meðtöldum afskriftum og fjármagnsliðum var afkoman neikvæð um 219 m.kr. sem sé tæplega 40 m.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Auglýsingatekjur séu 45 m.kr. undir áætlun. Áfram sé þó gengið út frá því að áætlun ársins í heild gangi eftir og að frávikið jafnist út þegar liði á árið.

b. Rekstrarlegar upplýsingar

Sjóðstaða RÚV hafi haldið jákvæð það sem af sé á árinu 2025. Breytt skipulag á síðasta ári, skýrari rammi og bætt eftirfylgni hafi átt sinn þátt í því að sjóðstaða félagsins hafi verið jákvæð það sem af sé ári 2025. Fyrirséð sé að sjóðstaðan verði lakari á síðari hluta ársins vegna meiri þunga í útgreiðslum en sé á fyrri hluta ársins.

Fjöldi stöðugilda í upphafi árs 2025 sé í takt við áætlun og sé um 265.

Fjárfestingar hafi verið áætlaðar um 430 m.kr. á þessu ári. Um 84 m.kr. eða 20% sé vegna eignfærðrar vinnu starfsfólks. Umfang fjárfestinga dugi rétt fyrir áætluðum afskriftum ársins en þær nemi um 420 m.kr. Við vinnslu áætlunarinnar var samhliða reynt að leggja mat á fjárfestingaþörf komandi ára. Niðurstaða þess mats sé að fjárfestingaþörf komandi árs sé margföld á við það sem unnt verði að fjárfesta í ár. Það eigi við um allar þrjár meginstöðirnar þ.e. tæknideildum, framleiðslu og húsnæði. Á árinu 2025 vegi þýngst fjárfestingar í tæknideildum eða um 250 m.kr. Þær dreifist á nokkra liði s.s. tæknirekstur, innri kerfi, dreifikerfi og fjárfestingu í vefjum. Gert sé ráð fyrir 100 m.kr. í ýmsum búnaði sem tengist framleiðslu s.s. endurnýjun á mynd- og hljóðbúnaði. Gert sé ráð fyrir 60 m.kr. í húsnæðisframkvæmdir. Þar sé fyrst og fremst um að ræða brýnustu aðgerðir á ytra byrði hússins, áframhaldandi endurnýjun á loftræstikerfum hússins og framkvæmdir við úttröppur og lóð á SA-horni.

Birgðir af sýningarrétti hafi dregist saman frá miðju ári 2024. Birgðir af íþróttæfni hafi lækkað um 330 m.kr. á einu ári en birgðir af öðru efni hafa aukist á móti miðað við verðlag hvers árs. Birgðir hafa verið 3-400 m.kr. umfram birgðapakið að meðaltali í krónum talið frá ársbyrjun 2023 miðað við verðlag hvers árs en að teknu tilliti til verðlagsáhrifa séu birgðir nokkurn veginn í takt við birgðapakið miðað við fast verðlag.

Þá var farið yfir ýmsar tölulegar upplýsingar um verktaka og verktakagreiðslur. Verktökum fjölgaði um 1,5% milli áranna 2023 og 2024 sem liggi fyrst og fremst í stórum íþróttaviðburðum (EM í fótbolta og ÓL), forsetakosningum og eldsumbrotum á Reykjanesi. Fjöldi verktaka fyrstu fjóra mánuði ársins séu talsvert færri en þeir voru árið 2024. Á þessu ári séu þeir 493 eða 6,5% færri en á árinu 2024. Greiðslur vegna verktakakaupa fyrstu fjóra mánuði yfirstandandi árs nemi 417 m.kr. Það sé um 2% lægri kostnaður að raunvirði en árið 2024 en 16% meira en árin 2018-2023 að meðaltali. Líkt og undanfarin ár þá sé fyrst og fremst um að ræða verktaka sem fái lágar greiðslur en um 90% verktaka fá minna en 3 m.kr. á ári.

Loks var farið yfir upplýsingar um kaup af sjálfstæðum framleiðendum. Eins og staðan sé núna þá sé 33% af frumsýndu efni á kjörtíma í sjónvarpi frá sjálfstæðum framleiðendum. Hlutfall dagskráefnis, sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum, eða sem Ríkisútvarpið er meðframleiðandi að, skal á samningstímanum vera að meðaltali 35% af íslensku efni í sjónvarpi, mælt í klukkustundum og miðað við frumsýnt efni á kjörtíma í línulegri dagskrá.

c. Áætlanagerð 2026

Stjórn RÚV ber að samþykkja rekstraráætlun fyrir hvert starfsár. Rekstraráætlun næsta árs sé jafnan lögð fram í nóvember og afgreidd í desember. Vinna við rekstraráætlun hefst að vori þar sem fjárhagsrammi næsta árs sé skilgreindur. Á grundvelli hans sé m.a. dagskraráætlun næsta árs unnin en útfærsla rammans fer fram að hausti. Rekstraráætlun byggist á tekjuáætlun og áætlunum í rekstri einstakra deilda þ.m.t. dagskrár- og framleiðsluáætlun í sjónvarpi. Áherslan hafi fyrst og fremst verið á næsta starfsár en unnið sé að því að áætlanir verði unnar til a.m.k. þriggja ára til að auka yfirsýn og fyrirsjáanleika.

6. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að unnið hefði verið að endurskoðun á samningi RÚV og SFH um nokkurt skeið. Drög að nýjum samningi fela í sér breytingu á fyrirkomulagi útreiknings á greiðslum RÚV til SFH fyrir notkun á hljóðritum. Samkvæmt gildandi samningi er viðmiðið mínútagjald fyrir notkun tónlistar en nýr samningur gerir ráð fyrir greiðslum sem eru tiltekið hlutfall af heildartekjum RÚV. Er þetta samskonar fyrirkomulag og í samningi RÚV og STEF.

Útvarpsstjóri fór stuttlega yfir vinnu við gerð landsbyggðarstefnu, þar sem áhersla er lögð á að RÚV sinni þjónustu við alla landsmenn, endurspegli landfræðilegan fjölbreytileika íslensks samfélags og sé með starfsemi og fréttamenn starfandi í öllum landshlutum. Drögin hafa verið unnin m.a. í samráði við fulltrúa sveitarfélaga víða um land og byggja á ákvæðum laga, stefnu RÚV og þjónustusamningi. Stefnir er að því að stefnan verði formlega gefin út síðar á árinu.

Útvarpsstjóri fór yfir þátttöku RÚV í úrslitakeppni Eurovision söngvakeppninnar sem haldin var í Basel í Sviss 17. maí sl. Framlag Íslands, Róa með VÆB, endaði í 25. sæti í úrslitum og í 6. sæti í undankeppninni. Mikið áhorf var bæði á undanúrslit og úrslit keppninnar, en uppsafnað áhorf á úrslitakeppnina var 77%. Umræða varð í kjölfar keppninnar um símakosningu og óskaði spænska ríkissjónvarpið eftir nánari upplýsingum um framkvæmd hennar frá EBU, og gerði RÚV slíkt hið sama.

Útvarpsstjóri upplýsti að Eva Georgs Ásudóttir hefði fyrir stuttu verið ráðin í starf dagskrárstjóra sjónvarps. Eva býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á sviði stjórnunar og framleiðslu í sjónvarpi.

Þá gerði útvarpsstjóri grein fyrir nýlegum fundi norrænna útvarpsstjóra sem funda formlega tvisvar á ári og hafa þá og þess á milli með sér náð samráð um ýmsa hluti. Meðal umræðuefna á síðasta fundi voru öryggismál, samstarf á vettvangi Nordvision, fjárhagsmálefni o.fl.

Útvarpsstjóri gerði stjórn grein fyrir viðræðum sem verið hafa í gangi við Sýn um samstarf á sviði dreifingar, einkum á sviði sjónvarpsdreifingar. Verið er að kanna nánar forsendur slíks samstarfs, bæði lagalegar og tæknilegar og verður stjórn upplýstu um stöðu og framgang viðræðna eftir sem þeim vindur fram.

Að lokum upplýsti útvarpsstjóri stjórn um fyrirhugaða vinnu við frágang á lóð útvarpshússins, heimsóknir þingflokka til RÚV, úthlutun úr Tónskáldasjóði RÚV og STEF, samráðsfundi með fulltrúum Öryrkjabandalagsins og Blindrafélagsins um aðgengismál og nýjum veðurvef á RÚV.is þar sem ýmsum upplýsingum er miðlað um veður og veðurhorfur næstu daga. Er um að ræða aukna þjónustu á þessu mikilvæga sviði, til viðbótar við veðurfréttir og veðurupplýsingar í útvarpi og sjónvarpi.

DÁZ óskaði eftir að stjórn myndi fá kynningu um stöðu á aðgengismálum hjá RÚV á stjórnarfundum í haust.

7. Önnur mál

Fundi slitið.